

GJALDSKRÁ

fyrir sorphreinsun á Stokkseyri fyrir árið 1985.

1. gr.

Upphæð storphreinsunargjalds á Stokkseyri fyrir árið 1985 skal vera kr. 500 fyrir hverja íbúð og hvern sumarbústað sbr. 9. gr. samþykktar um sorphreinsun á Stokkseyri nr. 431/1984.

2. gr.

Ofangreind gjaldákvörðun hreppsnefndar Stokkseyrarhrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 24. janúar 1985.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa í Bessastaðahreppi.

1. gr.

Sérhver húseign í Bessastaðahreppi skal vera tengd rotþró af nægjanlegri stærð. Skal slík rotþró og staðsetning hennar viðurkennd af heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Annað hvert ár skal fara fram tæming og hreinsun allra rotþróa skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun skal unnin á vegum Bessastaðahrepps og skal heilbrigðisfulltrúi hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi gera tillögur um verktilhögun og annað er skiptir máli til að tryggja að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu skal sérhver húseigandi greiða gjald skv. sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir og skal gjald þetta innheimt með fasteignagjöldum eins og önnur holræsagjöld til Bessastaðahrepps. Skal gjald þetta vera hálf holræsagjald eins og það er á hverjum tíma en þó skal heimilt að innheimta aukagjald af þeim húseignum, þar sem um óeðlilega mikinn kostnað er að ræða við tæmingu og hreinsun, þó aldrei meira en nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari, valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög fer skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.